

Lýngheimar



Skólanámskrá

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Leikskólinn Lyngheimar.....	4
Hlutverk og leiðarljós.....	5– 6
Hugmyndafræði Lyngheima.....	7–10
Grunnþættir menntunnar	
Sköpun.....	11–16
Læsi.....	7–20
Félagsfærni.....	21–24
Sjálfsfelling.....	25–27
Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.....	28–31
Heilbrigði og velferð.....	32–36
Sjálfbærni.....	37–39
Leikurinn.....	40–54
Menning og hefðir.....	55–62
Samstarf og samskipti.....	63–69
Samstarf og tengsl milli skólastiga.....	70
Samstarf við menningarstofnanir.....	71
Samstarf og samskipti.....	72
Sérkennsla.....	73–75
Foreldrasamstarf.....	76–79
Mat í leikskóla.....	80–82
Heillaspor.....	83–84
Mannauður og forystusýn.....	85
Umsögn Foreldraráðs.....	86
Heimildir.....	87

Inngangur

Skólanámskrá Lyngheima er unnin af kennurum skólans og fór sú vinna fram á haustönn 2024.

Farið er yfir sögu og hlutverk Lyngheima, hugmyndafræði og sýn eru gerð þar skil. Farið er yfir grunnþætti menntastefnu Reykjavíkurborgar og námssvið aðalnámskrá leikskóla og þær leiðir sem leikskólinn notar til að tengja þessa þætti í allt starf skólans.

Börnin fá að koma sínum sjónarmiðum að, hlustað er á skoðanir þeirra á viðfangsefnum í daglegu starfi. Foreldraráð leikskólans gefur námskránni einnig umsögn.



Námskránni er jafnframt ætlað að veita innsýn í skólastarfið, hún er lifandi skjal sem er í sífelldri skoðun og þróun.

Leikskólinn Lyngheimar

Lög um leikskólann.

Leikskólinn Lyngheimar starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla (lög RR.90/2008) Lögin kveða á um að leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og starfar eftir aðalnámskrá leikskóla.



Leikskólinn Lyngheimar tók til starfa 31. október 1998 og er fjögurra deilda leikskóli
Arkitekt hússins er Ingimundur Sveinsson og arkitekt lóðar Ragnhildur Skarphéðinsdóttir.

Við hönnun var leitast við að ná fram hagkvæmni við byggingu, viðhald og rekstur.

Gert er ráð fyrir 77 börnum í Lyngheimum.

Nöfn deildanna eru sótt í örnefni í Grafarvogi og þær heita:

Knútskot, Guddumói, Fjósaklettur og Klappavör.

Knútskot og Guddumói voru kotbýli í Gufunesi, Fjósaklettur er klettur í hafi stutt frá Gufunesi og Klappavör er vík fyrir neðan Staðahverfi.

Leikskólinn Lyngheimar
Mururima 2, 112 Reykjavík
Sími: 411-3990
Netfang: lyngheimar@reykjavik.is
Heimasíða: www.lyngheimar.is

Hlutverk og leiðarljós

„Menntastefna byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.“

Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019.



Meginmarkmið Lyngheima er að öll börn vaxi og þroskist í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og fjölbreytileika.

Unnið er að því að öll börn öðlist sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og árangur, samhliða því að þroska með sér samkennd og samvinnu.

Að börnin læri að þekkja stafina og hvernig þeir tengjast saman, sem er undirbúningur undir lestrarnám í grunnskóla, afli sér þekkingar og öðlist skilning á heilbrigðum lífsstíl, samfélagi og náttúru. Læri að sýna frumkvæði og öðlist skapandi og gagnrýna hugsun.

„Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.“

Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019



Leiðarljós Lyngheima



VIRÐING:

Að koma vel fram við aðra

Að bera virðingu fyrir sjálfum sér er mikilvægt hverjum einstaklingi. Gagnkvæm virðing milli fólks er einnig mikilvæg, til þess að einstaklingurinn nái að njóta sín og dafna í samfélaginu. Áhersla er lögð á virðingu í sinni víðustu mynd, þ.e. fyrir sjálfum sér, öðrum, dýrum, umhverfinu og náttúrunni.

UMHYGGJA:

Að snerta, hughreysta og hugga

Berum umhyggju fyrir öðrum og sýnum væntumþykju, bæði mönnum, dýrum, umhverfinu og náttúrunni.

TILLITSSEMI:

Að setja sig í spor annarra

Að koma fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur, óháð kyni, skoðunum, útliti eða menningu.

Hugmyndafræði Lyngheima

Uppeldisstefna Lyngheima byggist á skapandi starfi þar sem horft er til hugmyndafræði Reggio Emilia. Loris Malaguzzi (1920-1994) var hugsuðurinn og hugmyndasmiðurinn að baki stefnunnar. Hann var kennari í borginni Reggio Emilia á Ítalíu og seinna lærði hann sálfræði. Hann sagði að börn hefðu „hundrað mál“ og hvetja ætti börnin til að nota öll sín skilningarvit og þá hæfileika sem þau búa yfir.

Meðal grunnáhersluatriða Reggio Emilia kennslufræðinnar er virðing, ábyrgð, könnun og að einstaklingarnir haldi nokkru sjálfræði í því hvað þeir taka sér fyrir hendur.

Til þess að börn geti tjáð sig þurfa þau verkefni og efnivið til að vinna úr og festa í minni reynslu sína. Loris Malaguzzi sagði að leikskólinn ætti að vera lifandi staður í stöðugri þróun líkt og samfélagið.

Sköpun opnar sífellt nýja möguleika, börnin læra nýjar aðferðir og læra gagnrýna hugsun um verk sín. Undirbúningur og það ferli sem fer af stað hjá börnunum skiptir oft meira máli en afraksturinn sjálfur.



„Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild.

Börnum er sýnd virðing og umhyggja, þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Lítið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.“

Aðalnámskrá leikskóla 2011



Grunnur að hugmyndafræði Reggio Emilia er að hlusta á raddir barnanna, allar hugmyndir eru jafn merkilegar. Hlustað er á þeirra hugmyndir, líðan og tilfinningar.

Börnin læra lýðræðisleg vinnubrögð og um leið að styrkja sjálfmynd sína og frumkvæði. Kennarinn skapar tímann og rýmið fyrir börnin og sér til þess að umhverfi þeirra í leikskólanum sé hvetjandi, litríkt, hlýlegt, forvitnilegt og skapandi.



Sköpun er rauður þráður í öllu daglegu starfi. Að börnin finni að þeim sé treyst og að virðing sé borin fyrir þeirra getu til að afla sér reynslu og þekkingar. Að þau fái að vinna á sínum forsendum en ekki eingöngu út frá þekkingu og getu hinna fullorðnu.





*Að vera skapandi
snýst ekki bara um það að fá góða hugmynd
eða vera góður að teikna heldur þarf margs
konar þekkingu, færni og getu til að koma
hugmyndinni í framkvæmd.*

Loris Malaguzzi

Grunnþættir menntunnar

Við gerð skólanámskrá Lyngheima voru aðalnámskrá leikskóla (2011) og menntastefna Reykjavíkurborgar (2018) hafðar að leiðarljósi. Aðalnámskráin er reist á 6 sex grunnþáttum: sköpun, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti.

Menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á svipuðum grunnþáttum, auk sjálfsefningu og félagsfærni. Þessir grunnþættir tengjast allir innbyrðis og fléttast inn í allt skólastarf og eiga

að endurspegla starfshætti leikskólans. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmennti læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, læri að bjarga sér í samfélaginu og að vinna með öðrum.

Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa, (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Sköpun

Segja má að sköpun, í hvaða mynd sem hún birtist, sé grundvallarþáttur í námi og þroska barna. Auðvelt er að flétta inn alla grunnþættina í sköpun því að einhverju leyti hvíla allir þættirnir á þessum eina þætti.

Sköpun er meira en það sem við búum til og er áþreifanlegt. Sköpun getur verið svo margt annað eins og kubbaleikur, sögu-gerð, leikræn tjáning og annar frjáls leikur, úti eða inni.

Sköpun byggist á uppgötvun, gagnrýnni hugsun, rannsókn og ótal aðferðum sem sífellt opna nýjar leiðir. Gegnum sköpunarferlið lærir og þroskast barnið enda er áherslan lögð á ferlið en ekki útkomuna.



„Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar opnar, lausnir margar og áhersla lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og /eða samfélagið.“

Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2018

Skapandi starf er virkur þáttur í daglegu starfi leikskólans. Efniviður er fjölbreyttur, opinn og skapandi því þannig búum við börnunum aðstæður sem örva frjálsa og skapandi hugsun.

Hlutverk okkar sem kennarar, er að hvetja börnin til að vera virkir þátttakendur í eigin námi og hafa trú á sjálfum sér og hugmyndum sínum.



Á útisvæði leikskólans höfum við sett upp útikennslustofu sem við köllum Ævintýrland. Markmiðið með henni er að skapa gott flæði milli inni og útiveru í allri sköpun.

Svæðið á að ýta undir alla skapandi hugsun, örva sköpunargleðina og um leið læra börn og starfsfólk að ganga um náttúruna af virðingu og nærgætni.

Það er gaman að vinna og læra í **Ævintýralandi**



LISTASMIÐJA



Hjarta Lyngheima er listasmiðjan. Listasmiðjan er staðsett í stóru, björtu og opnu rými. Hún er vel búin fallegum og fjölbreyttum skapandi efnivið sem hvetur til sköpunar og ýtir undir hugmyndaflug, bæði í leik og starfi.

Allur efniviður er fallega flokkaður og sýnilegur og aðgengi auðvelt bæði fyrir börn og starfsfólk.



Hver deild á einn dag í viku í listasmiðjunni þar sem listgreinakennari tekur á móti litlum hópum. Stærð hópsins fer eftir aldri barnanna og því verkefni sem verið er að vinna að.

Áhersla er lögð á áhugaverð og skemmtileg verkefni og að börnin fái að kynnst fjölbreyttum efnivið og eiginleikum hans.

Börnin eru hvött til að prófa sig áfram, sýna frumkvæði og vera sjálfstæð í vinnubrögðum.



Listasmiðjan er ekki einangrað námsrými heldur hefur hún áhrif á allan leikskólann og hvetur bæði börn og starfsfólk til að taka efniviðinn inn á deild í leik eða starfi.



Listasmiðjan hefur að geyma fjölbreyttan
skapandi efnivið sem er fallega flokkaður
og hafður sýnilegur þannig að hann blasi
við forvitnum augum og höndum.

Verkefnin og efniviðurinn örva
skapandi hugsun, fagurfræði
og virkja ímyndunaraflið.






Læsi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn.

Læsi er þekking sem hjálpar börnunum að skilja samfélagið og umhverfi sitt.

Góð færni í læsi er lykillinn að þekkingu og skilningi á umhverfi sínu og samfélagi.



Í leikskólanum er
lagður mikil-
vægur grunnur
undir lestrarnám
seinna meir.

Aðalnámskrá leikskóla 2011

„Læsi í leikskóla felur í sér
þekkingu, leikni og hæfni barna
til að lesa í umhverfið sitt og tjá
upplifun sína, tilfinningar og
skoðanir á fjölbreyttan hátt.“

Aðalnámskrá leikskóla 2011





Rík áhersla er lögð á málrækt í leikskólastarfinu og kemur hún inn í allar daglegar athafnir. Að hafa góð tök á tungumálinu er mikilvægt í öllum samskiptum barnsins bæði við börn og fullorðna.

Við notum margar og fjölbreyttar leiðir til að efla læsi. Við leggjum áherslu á að málumhverfið sé hvetjandi og krefjandi í leik og starfi. Ritmál er sýnilegt á öllum deildum en með því vaknar áhugi á bókstöfum, tölustöfum og rituðum texta.

Bækur eru aðgengilegar á öllum deildum og áhersla er lögð á að lesa fyrir börnin, segja þeim sögur og ævintýri, syngja og fara með ljóð og þulur.



Á öllum deildum er unnið með Tákni með tali og læsisverkefnið „Lubbi finnur málbein“. Leikskólinn er í nánú samstarfi við bókasafnið í Spöng, Gufunesbæ og Rimaskóla.

Góð samvinna er á milli skóla og heimilis og við vinnum í nánú samstarfi við foreldra.



BUXY n VASTI ^{brók} OG SKÓ:
 BÆTTA SOKKA nýtt &
 NUFUTETULU R hól skút þó,
 Hælist an & hvíta.

Jónas Hallgrímsson



Í okkar daglega starfi er unnið með alla þætti málsins, *hljóðkerfisvitund*, *orðaforða*, *máltjáningu*, *stafaþekkingu* og *hlustun*. Við byggjum upp færni barna til að skilja og nota tungumálið og ýtum undir forvitni þeirra og þekkingarþörf.

Við stuðlum að mikilvægi þess að börnin læri umhverfislæsi, menningarlæsi, tilfinningarlæsi og fjölmenningslæsi. Með því, ásamt frjálsum leik, verkefnavinnu, vettvangsferðum og samskiptum, eflum við læsi í sínum víðasta skilningi.



Félagsfærni



„Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið sitt og samfélag.“

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Markmið þess að efla jákvæða félagsfærni hjá börnum er að
þau geti tekið virkan þátt í samfélaginu.
Börn eru félagsverur og því mikilvægt að þau læri að vinna
með öðrum, deila hugmyndum, taka gagnrýni á jákvæðan
hátt og að leysa úr ágreiningi.



Til að efla jákvæða félagsfærni vinnum við markvisst í hópavinnu þar sem við vinnum sameiginleg verkefni.

Þar þurfum við að hlusta á skoðanir annarra og læra að virða þær, það þarf að taka ákvarðanir og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Við þurfum að deila efnivið og læra að skiptast á. Við aðstoðum og hjálpum hvert öðru og deilum hugmyndum að jákvæðum lausnum.

Unnið er með vináttuverkefnið Blæ í skipulögðum stundum.

*Barn sem þroskar með sér góða félagsfærni
öðlast seiglu sem er gott veganesti út í lífið.*



Kyrralífsmynd—Kol, vatnslitir og akrýlmálning

Sjálfsefning

„Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir.”

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Með því að efla og styrkja sjálfsmynd barnanna öðlast þau færni í að þekkja sig sjálf og sína getu.

Með því að hvetja börnin til að gera sjálf öðlast þau betri færni og verða sterkari og sjálfstæðari einstaklingar, verða færari í að takast á við lífið og hvað fylgir því að vera einstaklingur í samfélagi við aðra.



Við viljum að börnin öðlist öryggi í að vera þau sjálf, að þau hafi trú á eigin getu og færni í að hugsa sjálfstætt. Við sköpum umhverfi þar sem börnin fá tækifæri til að prófa sig áfram og vera stolt.



Veðurfræðingur dagsins

Á hverjum degi er eitt barn „veðurfræðingur“ á hverri deild. Hlutverk hans er að skipuleggja daginn með starfsfólki og kynna dagskrá dagsins í morgunstund.



Markmið:

- Að þau verði þátttakendur í skipulagningu og daglegu starfi
- Að þau kenni hvert öðru sem eflir samstarf milli þeirra
- Að styrkja þau og gera þau öruggari gagnvart hópnum
- Að efla framkomu og styrkja þau í að koma fram og tala fyrir framan hóp



Þetta hlutverk eflir ábyrgðartilfinningu, samskipti og sjálfstæði barnanna með leik og daglegum verkefnum.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.

„Hlutverk starfsfólks skóla og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmenningar- og fjölþjóðlegu lýðræðis-samfélagi sem tekur örum breytingum.“

Menntastefna Reykjavíkurborgar



Í Lyngheimum fögnum við fjölbreytileikanum og stuðlum að fræðslu fjölmennningar í gegnum leik og starf. Með fræðslu sem stuðlar að gagnkvæmri virðingu, umburðarlyndi, vináttu og lýðræði erum við að undirbúa börnin að læra að þekkja réttindin sín sem og annarra (42. gr. barnasáttmálinn)

Jafnrétti ríkir innan veggja leikskólans og tryggjum við að öll börn fái jöfn tækifæri til þess að taka þátt.

Við hvetjum börn frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu án þess að glata eigin menningu, tungumáli og trú.



Lyngheimar er að vinna að því að verða réttindaskóli Unicef. Með því að verða réttindaskóli Unicef innleiðum við Barnasáttmálann inn í allt daglegt starf. Markmiðið er að auka virðingu og vernd til að uppfylla mannréttindi barna. Öll börn hafa rödd og læra um lýðræði í lýðræðislegu umhverfi [Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna](#)





Börnin taka þátt í að móta þær reglur sem unnið er eftir í skólanum, bæði reglur sem gilda á útisvæði og inn í leikskólanum. Í sameiningu segja þau sínar skoðanir og hvaða reglur þau vilja hafa og vinna síðan verkefni sem tengist reglunum sem þau svo kynna fyrir öðrum deildum.

Börnin á hverri deild vinna sinn eigin friðarsáttmála þar sem þau koma með sína sýn á hvað er rétt og hvað ekki og er það sýnilegt inn á deildum. Allir hafa rödd og þeirra skoðanir fá vægi í allri vinnu.



Hvað gera kennarar
í leikskólanum?

Það er bannað
að píssa úti



„Kenna börnunum hvað
má og hvað má ekki“

Heilbrigði og velferð

„Í skólanum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.“

Aðalnámskrá leikskóla 2011



Leikskólinn Lyngheimar er Heilsueflandi leikskóli.

Heilsueflandi leikskóli er heildræn nálgun á vegum embættis landlæknis sem hefur það að markmiði að stuðla að betri heilsu og vellíðan barna og starfsfólks í leikskólum.



Markvisst heilsueflingarstarf felst í því að skapa aðstæður og umhverfi þar sem öllum getur liðið vel og fengið tækifæri til að blómstra í leik og starfi. Með því að taka þátt í Heilsueflandi skóla gefst skólum landsins tækifæri til að nota ákveðin verkfæri og stuðning sem embætti landlæknis býður upp á.



Útivera barna er á hverjum degi, öll börn fara út að minnsta kosti einu sinni á dag.

Farið er í gönguferðir og vettvangsferðir þar sem börnin læra að þekkja og virða umhverfið sitt.



Allar deildir hafa aðgang að íþróttasal leikskólans og þangað fer hver deild einu sinni í viku.

Yngri deildir hafa afnot af sal þegar ekki er skipulagt starf í gangi.



Heilbrigði og velferð barna eru lykilþættir í starfi leikskólans og er grunnur að andlegri, líkamlegri og félagslegri velliðan þeirra.

Við vinnum markvisst að heilsuefingu og hún er hluti af daglegu starfi. Stuðlum að jákvæðri hreyfingu og hollu mataræði. Leggjum áherslu á andlega velliðan, að barnið öðlist öryggi, jákvæða sjálfsmynd og læri að vera í góðum samskiptum við aðra. Eflum börnin í sjálfshjálp, að hugsa um eigið hreinlæti, að taka ábyrgð á að skammta sér sjálf í matartíma og hvetjum þau til að smakka sem fjölbreyttasta fæðu.





*Hvíldin er afar mikilvæg í leikskóla
og undirstaða þess að barninu líði
vel allan daginn.*



*Þegar hvíldartími er leggjum við áherslu á
að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft
fyrir þá sem ekki þurfa að leggja sig.*

Sjálfbærni



„Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingar bæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.”

Aðalnámskrá leikskóla, 2011




Lyngheimar er Grænánaskóli. Grænáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir skóla sem sýna árangur í umhverfismálum og menntun til sjálfbærni. Verkefnið kallast Skólar á grænni grein og er rekið af Landvernd á Íslandi. Skólar á grænni grein/Grænánaskólar vinna að menntun til sjálfbærni og hafa jákvæð áhrif á nær samfélagið. Þeir eru tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólanum.



Við ræðum um mikilvægi þess að sporna við matarsóun, hvernig við flokkum rusl og endurvinnslu. Okkar markmið er að börnin séu meðvituð um umhverfið sitt og beri virðingu fyrir þeim fjölbreytileika sem býr í náttúrunni.

Í Lyngheimum leggjum við áherslu á að börnin læri um umhverfið sitt og náttúruna og beri virðingu fyrir henni og öllu því sem hún gefur okkur. Við ræðum um sjálfbærni og hvernig við getum verið þátttakendur í henni.



Börnin setja niður kartöflur og fræ, vökva og taka upp. Um haustið er svo uppskeru hátíð þar sem við smökkum á uppskerunni.





Við viljum að leikskólinn sé fyrirmynd barna og foreldra hvað náttúru og umhverfismál varða og að allir séu meðvitaðir um að náttúran og umhverfið okkar er á ábyrgð okkar allra.

Leikurinn

„Leikur er helsta náms- og þroskaleið barna auk þess sem hann er mikilvægur fyrir félags- og tilfinningalega vellíðan þeirra.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)



Leikur er lykilinn að færni sem er þýðingarmikil fyrir börn svo að þeim gangi vel í námi og daglegum athöfnum. Í leik æfa börn færni eins og sköpun, nýsköpun, samvinnu, athygli, einbeitingu, seiglu, tjáningu, samhygð og framkvæmd (Sahlberg, 2019).

Í leik sýna börn yfirleitt mikla sjálfstjórn og vellíðan. Þar taka þau ákvarðanir og leysa vandamál, byggja upp sjálfstraust og fjölbreytta færni sem ekki er hægt að kenna á annan hátt (MacDonald, 2022).

https://vefir.mms.is/flettibaekur/handbok_um_leikinn/16/

Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.

Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra“.

Aðalnámskrá leikskóla, 2011.



Í Lyngheimum er unnið eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar kemur fram að öll börn eigi rétt á að leika sér.



Leikur sem námsleið

Í leikskólanum leggjum við ríka áherslu á að börn læri í gegnum leik. Leikurinn er kjarninn í allri starfsemi leikskólans og er mikilvægasta námsleið ungra barna. Leikur eflir sköpunargleði, hugmyndaflug, sjálfstraust og námshæfileika barna. Í gegnum leik öðlast börn þekkingu, reynslu og færni sem nýtist þeim í námi og daglegu lífi.

Við leggjum áherslu á að skipulag leikskóladagsins gefi leiknum mikið rými og að hann fái að njóta sín sem best. Mikilvægt er að umhverfið sé hvetjandi og að efniviður sé fjölbreyttur, aðgengilegur og kalli á sköpun og þátttöku barna.


Leikurinn skipar stóran sess í öllu starfi Lyngheima og samræmist það hugmyndafræði Reggio Emilia um að börn læri í gegnum leik, að leikurinn skapi tækifæri til læra og þroskast.

Leikur sem lífstjáning og leið að þroska

Leikurinn er lífstjáning barnsins og órjúfanlegur hluti bernskuáranna. Í leik felst mikið sjálfsnám og í gegnum hann læra börn hvert af öðru. Leikurinn skapar tækifæri til að vinna úr tilfinningum, læra af reynslu, prófa ný hlutverk og takast á við bæði einfaldar og flóknar aðstæður – með gleði og alvöru.



Sjálfsprottinn leikur



Sjálfsprottinn leikur og félagslegur þroski

Í sjálfsprottnum leik taka börn frumkvæði og setja eigin reglur og ramma. Slíkir leikir geta verið hlutverkaleikir, byggingaleikir, ærslaleikir eða hvers kyns sköpunar- og tjáningarleikir. Með þessum leikjum öðlast börnin dýrmæta reynslu af samvinnu, samskiptum og lýðræði í verki.

Í leik læra börn að virða reglur, taka tillit til annarra og hlusta á hugmyndir og sjónarmið vina sinna. Þau mynda félagslega hópa og skapa eigin menningu, sem stuðlar að jákvæðum félagslegum tengslum og sjálfsmýnd.



Á yngstu deildinni er vísir að könnunarleik sem er ákveðin leikaðferð og byggir á rannsóknarþörf barna. Undirstaðan er fyrst og fremst forvitni og skynjun barnanna. Könnunarleikurinn byggist á skapandi efni- við sem eru ekki leikföng í eiginlegum skilningi en verða börnunum engu að síður að spennandi leikefni. Í gegnum þennan leik þroskast bæði fin- og grófhreyfingar auk skynfæra eins og sjón og heyrn.

Í Lyngheimum er aðgengi að leikefni gott fyrir börnin og rýmið býður upp á allar tegundir leiks. Kennarar eru virkir í að lesa í aðstæður og vera til staðar fyrir börnin í leik og leiðbeina þeim þegar þörf er á. Ærslaleikur fær sitt rými bæði í útiverunni og inni á deildum eða í sal skólans.





Leikur eflir sköpunargleði, hugmyndaflug, sjálfstraust og námshæfileika barna.

Hvað er að vera vinnur?



„Það er að leika við fólk.
Þá er maður góður.“



Kennarar bjóða upp á fjölbreyttan efnivið sem ýtir undir sjálfsprottinn leik.

Börnin hafa aðgang að skapandi efnivið bæði til sköpunar og sjálfsprottins leiks sem býður upp á marga möguleika og eflir hugmyndaflug. Við vinnum með margs konar tegundir af kubbum eins og segulkubba, kaplakubba, legókubba auk einingakubba sem hvetja til byggingaleiks.






Börn læra í gegnum leikinn og er því mikilvægt að umhverfið styðji við eðlislæga forvitni þeirra þannig að þau fái tækifæri til að nota öll sín skilningarvit til að skoða og uppgötva heiminn.



Til að stuðla að vellíðan í barnahópnum þarf umhverfið að bjóða upp á aðstöðu til hreyfingar og ærslaleiks ásamt því að börnin fái tækifæri til slökunar og hvíldar.



Garðurinn umhverfis leikskólann er
stór og góður og þar fá börnin tækifæri
tíl að blómstra í leik.



Í bakgarðinum er búið að koma upp **Ævintýralandi**, sem gefur okkur kost á að vera með útinám með börnunum. Þar er náttúran og allt það sem hún hefur upp á að bjóða í aðalhlutverki.

Í **Ævintýralandi** fer fram ýmis rannsóknarvinna eins og að skoða skordýr, jurtir og annað sem verður á vegi okkar. (sjá kafla um sköpun).

Við kveikjum eld á eldstæðinu okkar, poppum, förum í sögustundir og annað sem okkur langar til að gera.

Þar eru einnig matjurtagarðar þar sem börnin gróðursetja kartöflur og annað. grænmeti



Hver deild fær afnot af **Ævintýralandi** einn dag í viku.





Fagur er fuglinn
er flýgur hér hjá
Frjálsborinn er hann
og hafið hann á

Flýgur yfir Esjuna
haförninn sá
Gyllir í sól
við sjávarrönd

Ferjumaðurinn 1969

HAFÖRN

VIKTOR

Menning og hefðir



Í leikskólanum kynnist barnið menningu samfélagsins og ýmsum hefðum sem tengjast sögu okkar og fortíð.

Með tímanum hafa myndast ákveðnar hefðir í leikskólanum sem eru mikilvægur hluti af menningu hans.



„Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.“

Aðalnámskrá leikskóla, 2011

Dagur íslenskrar náttúru er haldinn hátíðlegur 16. september ár hvert. Á þessum degi eru börnin hvött til að nota náttúrlegan efnivið sem innblástur í sköpun.



Bangsadagurinn og afmælisdagur Blæs er haldinn hátíðlegur í kringum 27. október ár hvert. Þá mega börnin koma með bangsa og í náttfötum. Börnin fá einnig að hanna sinn eigin bangsa.



Afmælis dagar

Í leikskólanum er haldið upp á afmæli barnanna enda er þetta stór viðburður í lífi þeirra. Afmælisbarnið er í aðalhlutverki þennan dag og fær að velja sér borðbúnað, gerir sína eigin kórónu og er jafnframt þjónn og veðurfræðingur dagsins.

Afmæli Lyngheima er 31. október og þá fá börnin að koma í búning í leikskólann. Svo er skellt upp fjörugu balli í tilefni dagsins.



Dagur íslenskrar tungu

er 16. nóvember á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar og þá fögnum við líka afmæli Lubba.

Á þessum degi leggur leikskólinn áherslu á sögur, vísur, rím, þulur og lög eftir íslenska höfunda.

Börnin fræðast um Jónas Hallgrímsson og syngja og vinna verkefni út frá vísum eða kvæðum eftir Jónas.

Börnin úr 4. bekk Rimaskóla koma og lesa fyrir börnin í samverustund.

Aðventan

Í desember eigum við notalegar og rólegar stundir með börnunum. Jólasöngvar sungnir, jólasögur, jólaverkstæðisdagar og fleira. Börnin skapa sameiginlegt jólatré úr pappakössum og vinna við að útbúa jólagjafir til foreldra og forráðamanna sinna.

Jólastund með foreldrum

Fyrsta sunnudag í desember er foreldrafélag Lyngheima með jólastund þar sem börnum og aðstandendum er boðið að koma og mála piparkökur saman.



Jólakaffihús

Einn dag í desember setjum við upp huggulegt jólakaffihús þar sem boðið er upp á heitt kakó, smákökur og

Jólaskemmtun.

Um miðjan desember er jólaball. Við höldum í gamlar hefðir, dönsum í kringum jólatré, syngjum og fáum góða gesti ofan úr fjöllum í heimsókn.

Jólamatur

Í hádeginu er boðið upp á jólamat og þá borða allar deildir saman til að fá skemmtilega jólastemningu í hús.




Þrettándagleði

Á þrettándanum, 6. janúar, kveðjum við jólin, förum með jóla-tréð okkar út, dönsum í kringum tréð og syngjum jólalög.



Þorinn


Á þorranum er einn dagur tileinkaður feðrum, öfum, frændum og öllum karlkyns einstaklingum í lífi barnanna. Þeim er boðið í morgunmat og fá þorrasmakk og hafragraut.





Þegar þorinn byrjar fá börnin að kynna gamla tímanum, gömlum hlutum, læra þorralög og smakka þorramat.

Guðrún gamla heimsækir deildir og segir þeim sögur frá því þegar hún var lítil stelpa og sýnir þeim fallegu fötin sín og dótið sem hún lék sér með þegar hún var lítil.



Börn og starfsfólk útbúa baðstofu sem í er lokrekkja, hestur, leikföng og margt annað sem tilheyrði lífi og leik barna í gamla daga. Þar fá börnin að leika sér í frjálsum leik og fara í hlutverk fólks og barna fyrri tíma.





Góan

Á konudaginn, í upphafi Góu, er mæðrum, ömmum, systur, frænkum og öllum kvenkyns einstaklingum í lífi barnanna boðið í morgunkaffi.



Dagur leikskólans og Myrkur í borginni

er haldinn í kringum 6. febrúar. Við byrjum daginn úti þar sem börn og starfsfólk eru með vasaljós og leita að endurskinsmerkjum sem búið er að dreifa um allan garð. Eftir skemmtilega og hressandi útiveru fáum við okkur ristað brauð og heitt kakó inni á deild. Opið flæði með ljós og skugga er sett upp um allan leikskóla þennan dag.



Bolludagur. Boðið er upp á kjötbollur eða fiskibollur í hádeginu og rjórabollur í kaffitímanum.

Sprengidagur. Saltkjöt og baunir, tókall !

Öskudagur. Öllum er velkomið að mæta í grímubúning þennan dag og haldið er öskudagsball í sal þar sem „kötturinn er sleginn úr tunnunni“.



Sumarhátíð leikskólans er haldin í kringum 17. júní og er í boði foreldrafélagsins. Gleði og gaman allan daginn og í lok dags koma foreldrar og ættingjar og ljúka deginum með börnunum sínum.



„Með því að byggja á menningararfi samfélagsins og árangrí á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, lista, íþróttar, jafnréttis og forvarna er skapaður frjór jarðvegur fyrir framúrskarandi menntun í skóla- og frístundastarfi.“

Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019

Samstarf og samskipti

- ♦ Vínátta, gleði og húnor skapar gott andrúmsloft fyrir allan hópinn, eflir „víð“ andann og skapar samheldni.
- ♦ Gagnkvæmt traust og vírðing milli starfsfólks og foreldra
- ♦ Hæglátt andrúmsloft sem einkennist af vínáttu og væntumþykju.
- ♦ Allir hafa rödd og eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós.
- ♦ Fullorðnir skípuleggja, framkvæma og meta starfið, börnin taka þátt í því eins og þroski þeirra leyfir.



Samskipti barna og fullorðinna

Í Lyngheimum er unnið eftir menntastefnu Reykjavíkurborgar og samstarf milli barna og fullorðinna tekur mið af henni.

„Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.“

Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019

„Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi réttlætiskennd og leiðtogahæfni.“

Aðalnámskrá leikskóla, 2011

Allt starf á að styðja við þroska og nám barnsins. Mikilvægt er að starfsfólk geri sér grein fyrir því að við erum fyrirmynd barnanna og að þau læra af okkur um gildi, viðhorf og siði leikskólans.

Sérhvert barn á rétt á að tilheyra hópi, taka þátt í sameiginlegum verkefnum, þroskast og dafna í gegnum jákvæða reynslu með jafnöldrum.



Hlutverk leikskólans er að öll börn fái tækifæri til að þroska félagsfærni í jákvæðum samskiptum við jafnaldra. Starfsfólk aðstoðar börnin við að mynda jákvæð og góð vinatengsl sín á milli og aðstoðar þau og leiðbeinir þeim að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma.

Mikilvægt er að börnin öðlist öryggi til þess að geta leitað til starfsfólks eftir aðstoð, huggun og hlýju þegar þau vilja eða þurfa á því að halda.

Starfsfólk er vakandi fyrir einelti og öðru ofbeldi og grípur inn í á viðeigandi hátt ef mál af þeim toga koma upp.



Samskipti og samstarf starfsfólks

Leikskóli er samfélag þar sem börn og starfsfólk læra saman og hvert af öðru.

Á góðum vinnustað er nauðsynlegt að hafa rými fyrir ólíkar skoðanir og tilfinningar ásamt því að skapa tækifæri til að gera gott starf betra.

Starfsfólk er hvatt til að deila hugmyndum sínum, prófa nýja hluti og vera samtaka í að byggja upp gott og faglegt starf.

Mannauður leikskólans er mikill og mismunandi eftir einstaklingum hvar hæfileikar okkar og áhugasvið liggja. Því er mikilvægt að allir starfsmenn fái að njóta sín og fái tækifæri til að nýta þá hæfileika sem þeir hafa sem skilar sér í betra starfi til barnanna.



Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli og tekur þátt í faglegri þróun og leggur reglulegt mat á eigið starf m.a. á deildarfundum, sem haldnir eru tvisvar í mánuði og í samtali við leikskólastjóra. Allir starfsmenn eiga þess kost að efla sig í starfi með þátttöku á námskeiðum og annarri fræðslu.





Leikskólastjóri

sér til þess að unnið sé eftir aðalnámskrá leikskólans og að farið sé eftir lögum um leikskóla.

Að vera faglegur leiðtogi sem leiðir gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Að vera í góðu samstarfi við alla starfsmenn, sjá til þess að allir fái jöfn tækifæri til að auka við og bæta þekkingu sína sem nýtist í starfi. Að stuðla að jafnræði og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að leiðarljósi.

Deildarstjóri

er leiðandi í mótun fræðslustarfsins, fylgist með nýjungum og miðlar þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnunum og leitast við að efla faglegt hlutverk leikskólans.

Litið er á deildarstjóra sem leiðandi samstarfsaðila barna, foreldra og annars starfsfólks leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á að sjá til þess að hæfileikar hvers barns nái að blómstra og skipuleggja námsumhverfið með það að leiðarljósi að öll börn njóti sín á eigin forsendum.



Leiðir til að þróa skilvirk samskipti milli starfsmanna:

- ◆ Deildarfundur (u.þ.b. tvisvar sinnum í mánuði)

Innri málefni deildarinnar rædd, skipulag og starfsemi, áætlanagerð, meginreglur, úrlausn vandamála, vinnubrögð og leiðir til að takast á við ólíkar aðstæður samræmd.

- ◆ Daglegur morgunfundur

Stuttur fundur deildarstjóra og leikskólastjóra þar sem farið er yfir helstu áherslur dagsins.

- ◆ Deildarstjórafundur (einu sinni í viku)

Skipulagsfundur, farið yfir helstu verkefni sem eru fram undan og þau samræmd milli deilda.

- ◆ Fagfundur (kennarar og annað fagfólk)


Námskrárvinna og skipulagning á starfinu fram í tímann.

- ◆ Starfsdagar (6 dagar á ári)

Skipulag, fræðsla og hópefli fyrir starfsfólk.

- ◆ Teymisfundur með sérkennara og öðrum sérfræðingum.





- Gagnkvæm miðlun upplýsinga á sér stað, m.a. um hagi og þroska barns og starf leikskólans.
- Foreldrar/forsjáraðilar fá fréttabréf og myndir vikulega þar sem farið er yfir starf vikunnar. Birting mynda af börnunum verður að vera með leyfi forráðamanna. Auk daglegra funda nota forráðamenn og starfsfólk ýmsar rafrænar leiðir til gagnkvæmra samskipta og miðlun upplýsinga sem veitir sveigjanleika í samskiptum og upplýsingaflæði.
- Sérstakir dagar þar sem foreldrum/forsjáraðilum er boðið í heimsókn í leikskólann. Foreldrar/forsjáraðilar eru alltaf velkomnir í Lyngheima til að fylgjast með því sem fram fer.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Þar gefst kostur á að taka þátt í skipulagningu og þróun fræðslustarfs og uppeldismarkmiðum leikskólans ásamt leikskólastjóra og kennurum.

Samstarf og tengsl milli skólastiga

Gott samstarf er á milli grunnskóla og elstu deildar leikskólans. Markmið með heimsóknunum er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga.

Börnin fara í nokkrar skipulagðar heimsóknir í grunnskólann þar sem kennarar og skólastjóri tekur á móti hópnum. Þar fá þau að kynnast skólanum, umhverfi hans



Haldinn er teymisfundur vegna þeirra barna sem hafa verið með sérstakan stuðning í leikskólanum. Á þeim fundi eru starfsmenn skóla, fulltrúi frístundar, Austurmiðstöð, foreldrar barnsins og starfsmenn leikskólans. Er þeim börnum sérstaklega skilað inn í skólann og í frístund í samráði við foreldra. Upplýsingar til grunnskóla varðandi barnið fylgja eingöngu þeim börnum sem hafa fengið aðkomu sérfræðinga eða farið í greiningarferli.



Samstarf við menningarstofnanir

Vettvangsferðir og reynslunám elstu barnanna

Elsti árgangur leikskólans fer í fjölbreyttar vettvangsferðir sem miða að því að auka þekkingu þeirra á samfélaginu, náttúrunni og nærumhverfinu. Í þessum ferðum kynnast börnin mismunandi stöðum og aðstæðum, sem styrkir bæði fróðleiksfýsn og félagsfærni. Ferðirnar tengjast oft þemavinnu, áhugasviðum barnanna eða árstíðabundnum verkefnum.

Markmiðið með vettvangsferðum er að skapa lifandi tengsl við raunveruleikann þar sem börn læra með því að sjá, upplifa og taka þátt. Ferðirnar stuðla einnig að auknu sjálfstæði, ábyrgðartilfinningu og samvinnu innan hópsins.



Eftir hverja vettvangsferð vinna börnin úr reynslunni með fjölbreyttum hætti, sérstaklega í gegnum listir og skapandi tjáningu. Þau teikna, mála, móta, leika, segja frá, semja sögur og vinna sameiginleg verkefni byggð á því sem þau sáu og upplifðu.

Þessi úrvinnsla styrkir skilning barna á umhverfi sínu, dýpkar reynslu þeirra og eflir tjáningarhæfni og sköpunargleði.

Myndlistarsýning Lyngheima



Sérkennsla

Þegar barn byrjar í leikskólanum Lyngheimum er fylgst vel með öllum þroskaþáttum barnsins. Ef grunur vaknar um frávík og að barn þurfi sértæka aðstoð í daglegu starfi er brugðist strax við og gripið inn í eins fljótt og kostur er.

Ef áhyggjur vakna hjá deildarstjóra lætur hann sérkennsluteymið vita og málið er tekið til skoðunar og rætt hvers konar íhlutun myndi henta barninu best. Eftir 2-4 vikur er mál barnsins endurmetið, hvort sú íhlutun sem ákveðin var hafi skilað árangri eða ekki.


Ef íhlutun hefur ekki skilað árangri er rætt við foreldra og ákveðið í samráði við þá hvort sækja eigi um aðstoð sérfræðinga í Austurmiðstöð.

Við vinnum í nánú samstarfi við sérkennsluteymið í Austurmiðstöð. Haldnir eru teymisfundir einu sinni á önn með þeim sérfræðingum sem leikskólinn er í samvinnu við. Á þeim fundum eru þau málefni rædd sem þurfa frekari skoðunar og aðkomu sérfræðinga.

Einnig vinnum við náið með Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins og heilsugæslunni.

Foreldrar eru hvattir til að leita til deildar- eða sérkennslustjóra ef þeir hafa áhyggjur af almennum þroska, málþroska, hegðun eða einhverju öðru sem varðar barnið. Við reynum að bregðast við eins fljótt og kostur er og aðstoða foreldra við að finna farsæla lausn.

Snemmtæk íhlutun er ekki eingöngu háð því að barnið sé í greiningarferli. Á Lyngheimum er eitt stöðugildi sérkennara sem kemur að málum barna sem þurfa á sértækri aðstoð að halda, s.s. málörvun, aðstoð vegna líðanar og hegðunar, ásamt því að aðstoða börn sem þurfa aðstoð með félagsleg tengsl við samnemendur.



Notast er við viðurkennd matstæki til að finna styrkleika og veikleika barnsins svo markviss vinna geti farið af stað.

Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn eru mælitæki til að meta þroska barna. Það fer eftir aldri barns hvorn listann er notast við í hverju tilfelli fyrir sig.


TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.

EFI-2 er málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á 4. ári. EFI-2 gefur markvissar niðurstöður til að meta hvort þörf er á frekari greiningu fagaðila. (menntastefna.is)

Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. (Menntamálastofnun)

APES – matskerfi er hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár þeirra barna sem þess þurfa (Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins)

TEACHC- skipulögð kennsla er skammstöfun sem stendur fyrir **Treatment and Education of Autistic and related Communications Handicapped Children**, eða meðferð og kennsla barna með einhverfu og skyldar boðskiptatruflanir. (Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins)
Lyngheimar hafa tileinkað sér þessa kennsluaðferð í sérkennslu barna og hafa sérkennarar lokið námi í TEACCH.



Stuðningur fer fram inni á deild, í litlum hópum, í útiveru og einnig í einstaklingsmiðaðri vinnustund í vinnuherbergi.

Barn skal vera hluti af heildinni og gæta þarf þess að stuðningurinn fari að mestu leyti fram innan barnahópsins og að barnið taki þátt í leikskólastarfinu líkt og öll önnur börn.



Foreldrasamstarf

„Líðan barns í leikskóla er Sam tvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Markmið okkar í Lyngheimum er að það séu opin og góð samskipti milli kennara, foreldra/forráðamanna og barnanna.

Að byrja í leikskóla er stór þáttur í lífi barns og foreldris, góð aðlögun er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum. Því er mikilvægt að góð samvinna og traust skapist strax í upphafi milli foreldra og starfsfólks.

Dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi stuðlar að jákvæðu og traustu sambandi milli leikskólans og foreldra/forráðamanna.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn upplýsi kennara barnsins ef einhverjar breytingar verða á högum þess og fjölskyldulífi.

Allir starfsmenn í Lyngheimum eru bundnir trúnaði og skrifa undir þagnareid við upphaf ráðninga.

Áður en aðlögun hefst eru foreldrum/forráðamönnum sendar upplýsingar um leikskólann, þeim boðið á kynningarfund þar sem starf skólans er kynnt í máli og myndum. Foreldrar fá leiðsögn um húsið og grunnur er lagður að góðu og traustu foreldrasamstarfi.

Að byrja í leikskóla er stórt skref í lífi barns. Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynnst leikskólanum, starfsfólkinu og öðrum börnum. Góð aðlögun er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum.

Í Lyngheimum er þátttökuaðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í aðlögunarferli barnsins. Gert er ráð fyrir að aðlögun taki u.þ.b. þrjá til fimm virka daga, er það misjafnt eftir barni hversu langan tíma barnið þarf til að aðlagast og getur því aðlögunartíminn verið mislangur milli barna. Foreldrar/forráðamenn eru með barninu fyrstu dagana þegar barnið byrjar á leikskólanum, það hefur reynst vel og eykur öryggistilfinningu hjá bæði foreldrum og börnunum.



Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðleg og innihaldsrík fréttabréf um starfið er stór þáttur, ásamt því að foreldrar fái að skyggast inn í daglegt líf í skólanum. Einnig eru sendar myndir frá daglegu starfi í Völu appi.

Í Lyngheimum er foreldrafélag starfandi þar sem foreldrum gefst kostur á að taka þátt í skipulagningu og þróun fræðslustarfs og uppeldismarkmiðum leikskólans ásamt leikskólastjóra og kennurum.

Haustfundur er fyrir foreldra í byrjun október þar sem vetrarstarf leikskólans og ársáætlun eru kynnt, á þeim fundi er lýðræðislega kosið í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð skólans. Við leitum eftir hugmyndum frá foreldum. Einnig erum við með hugmyndakassa þar sem foreldrar geta komið með hugmyndir inn í starfið. Börnin eiga að skynja góð samskipti á milli foreldra og kennara.

Foreldrar eru hvattir til þess að taka þátt í starfinu á alla vegu og viljum við hlusta á þeirra sjónarmið.



Traust er algjör forsenda fyrir góðu samstarfi á milli heimilis og skóla.

Foreldrakaffi er reglulega í leikskólanum, þá mæta foreldrar með börnin sín í skólann, staldra við og njóta veitinga og eiga samskipti við kennara og aðra foreldra. Með þessari hefð styrkist sambandið við foreldra og verður andrúmsloftið afslappað og traust myndast.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í apríl og október. Óski foreldrar eftir fleiri viðtölum þá er auðvelt að koma því við.

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að vinna saman með tvo heima barnsins, þ.e. leikskóla og heimili, á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.



„Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra.“

Menntastefna Reykjavíkur, 2019

Aðlögun

Áður en aðlögun hefst eru foreldrum/forráðamönnum sendar upplýsingar um leikskólann og þeim boðið á kynningarfund þar sem starf skólans er kynnt í máli og myndum. Foreldrar fá leiðsögn um húsið og grunnur er lagður að góðu og traustu foreldrasamstarfi.

Að byrja í leikskóla er stórt skref í lífi barns. Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynnast leikskólanum, starfsfólkinu og öðrum börnum. Góð aðlögun er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum.



Í Lyngheimum er þátttökuaðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í aðlögunarferli barnsins. Gert er ráð fyrir að aðlögun taki u.þ.b. þrjá til fimm virka daga, er það misjafnt eftir barni hversu langan tíma barnið þarf til að aðlagast og getur því aðlögunartíminn verið mislangur milli barna.

Foreldrar/forráðamenn eru með barninu fyrstu dagana þegar barnið byrjar á leikskólanum, það hefur reynst vel og eykur öryggis-tilfinningu hjá bæði foreldrum og börnunum.

Mat í leikskóla



„Mat á skólafarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningar- mála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.“

Aðalnámskrá leikskóla, 2011

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er sagt að mat í leikskólafarfi hafi þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla.

Aðalnámskrá leikskóla, 2011



Innra mat:

Kennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans. Könnunin er gerð fyrir hönd skóla- og frístundaráðs. Niðurstöðurnar gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað þeir telja að mætti betur fara.

Nám hvers barns er metið og farið yfir það með foreldrum í foreldraviðtölum. Þegar kemur að mati á börnum er stuðst við t.d. EFI 2 og HLJÓM- 2. Heillaspora-gátlista og einnig er stuðst við gátlista frá skóla- og frístundasviði.

Á hverju vori er hluti af börnum á Klappavör og Fjósaklettum látinn meta leikskólafarfið. Hvað þótti þeim skemmtilegt, hvað vilja þau sjá meira af og hvað má betur fara. Þetta er mikilvægur þáttur í því að efla lýðræðislega þátttöku, sjálfsmynd og vellíðan barna.


Í Lyngheimum notum við fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Meðal annars eru notaðar skráningar í formi vikufréttar, ferilmappa er fyrir hverja önn og einstaklingsmappa fyrir hvert barn skólans. Hlustað er á raddir barnanna um námsumhverfi og líðan í leikskólanum. Í ferilmöppunum eru settar myndir af námi barnsins í leikskólanum ásamt verkum barna sem lýsa viðkomandi einstaklingi vel.

Í foreldraviðtölum nota kennarar einstaklingsnámskrá hvers barns. Áhersla er lögð á að matið endurspegli aðalnámskrá, áherslur í skólanámskrá og starfsáætlun.



„Ferilmöppur eru góð leið til að skrá framfarir barna í leikskólastarfi. Þær geta meðal annars sýnt feril barnsins varðandi ritmálið frá krotstigi yfir í það að draga til stafs og skrifa orð. Þá geta fjölbreyttar skráningar á samskiptum barna og frásögnum þeirra um eigin verkefni gefið sterkar vísbendingar um stöðu þeirra og þroska.“

(Lesið í leik, læsisstefna leikskóla, 2013)



Ytra mat:

Ytra mat skóla- og frístundasviðs hefur það að markmiði að fylgjast með og stuðla að auknum gæðum og árangri hjá þeim stofnunum sem heyra undir sviðið. Til grundvallar ytra matinu liggja fyrir fram skilgreind viðmið um gæði í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.

Starfsemin er metin með könnunum, vettvangsheimsóknum, greiningu gagna og viðtölum við stjórnendur, starfsfólk, börn og foreldra.

Markmið ytra mats er að tryggja að starfsemi leikskólans sé eins og lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla gera ráð fyrir og tryggja að starfað sé eftir skólanámskrá og starfsáætlun. Auk þess að nýta niðurstöður endurmats og þær upplýsingar sem fást til umbóta ef þörf krefur og leita eftir hugmyndum og viðhorfum barnanna.

Matsáætlun Lyngheima til 5 ára.

Matsþættir	Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
2023-2024 Virgni starfsfólks og þátttaka þeirra í leikskólastarfi.	Starfsþróun og virkja áhugasvið starfsmanna út frá menntastefnu.	Útinám, læsi, lýðræði, sköpun og sjálfsefning.	Fagmennska starfsfólks.	Aukin ánægja í starfi.	Viðtalssamtal og lærdómssamfélag.
2024-2025 Vinna með skapandi efnivið. Auka þekkingu.	Efla viðmót starfsfólks til að ýta undir styrkleika og áhugasvið barna með skapandi efnivið.	Efla sköpunarkraft, ímyndunarafli og tjáningu þannig að hugmyndir barnanna fái að njóta sín.	Stuðningur við börn í skapandi leik.		Skráning og lýðræðisleg samtöl við börn og starfsfólk.
2025-2026 Lýðræði í leikskólastarfi.	Að stjórnendur skapi vettvang til að börn og starfsfólk hafi rödd inn í leikskólastarfið.	Sjálfsefning og lýðræði.		Þátttaka starfsfólks og barna í lýðræðislegu leikskólastarfi.	
2026-2027 Námskrá.	Leikskólaþróun og starfsþróun.			Hvað einkennir leikskólabraginn.	Skönnun, samtöl og skráningar á ferli.
2027-2028 Gagnaöflun og endurmat á vinnu síðustu 5 ára.	Skráning á sýn okkar á síðustu ár.		Fagleg sýn á leikskólastarfið.		Úrbætur og eftirfylgni.



Heillaspor/nurture.

Farsældarhringurinn

Lyngheimar hófu að innleiða Heillaspor haustið 2025.

Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi.

Heillaspor styðja við innleiðingu á tengsla- og áfallamiðaðri nálgun í inngildandi skóla- og frístundastarfi.



Heillaspor hefur verið þýtt og staðfært að íslenskum aðstæðum samkvæmt samningi við Nurture International í Bretlandi. Innleiðing Heillaspora nær yfir tveggja ára tímabil.

Hvað felst í Heillasporum?


Heillaspor byggja á kenningum Bowlby's um tengslafræði og hversu djúpstæð áhrif bernskureynsla getur haft á þroska barna.

Heillaspor draga fram mikilvægi jákvæðra tengsla sem undirstöðu árangursríks náms og farsældar út frá hugmyndum Vygotsky.

Heillaspor leggja ríka áherslu á vellíðan og tengslamyndun um leið og stutt er markvisst við þroska barna.

Heillaspor viðurkenna mikilvægi allra í skólasamfélaginu og hlutverk þeirra í að koma á áreiðanlegum, fyrirsjáanlegum og gefandi tengslum til að styðja við þróun félags- og tilfinningaþroska barna.

Heillaspor horfa heildrænt á skólaumhverfið og hlutverk þess í að skapa umvefjandi og kærleiksríkt skólasamfélag sem hefur trú á möguleikum allra til að ná árangri í námi og daglegu lífi.



Vörðurnar sex eru allar samofnar út frá vörðunni um tilfinningalegt öryggi sem er grundvöllurinn í Heillasporum.

Í stuttu máli þjóna Heillaspor hagsmunum allra í skóla- samfélaginu um leið og áhersla er lögð á viðeigandi aðlögun og stuðning í takt við þörf hvers barns.

Markmið okkar eru alltaf:

Að Ísland verði besti staðurinn til að vera barn

Mannauður og forystusýn

„Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Fagmennska og samstarf er haft í öndvegi þar sem starfsfólk rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennslu-hætti.“ (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).





Dagsetning: 21. ágúst 2025



Umsögn foreldraráðs um skólanámskrá leikskólans

Leikskóli:

Lýngheimar

Samræmast áherslur skólanámskrár starfi leikskólans?

Foreldraráð telur að áherslur skólanámskrárnar falli mjög vel að starfi leikskólans og veiti hún góða yfirsýn yfir daglegt starf á Lýngheimum. Skólanámskráin er metnaðarfull rétt eins og starf leikskólans. Þá vill foreldraráð koma á framfæri sérstöku hrósi vegna áherslu á leik í skólanámskrá sem foreldraráð telur mikinn kost.

Er skólanámskrá aðgengileg og auðlesanleg?

Skólanámskráin er mjög aðgengileg og auðlesanleg. Uppbygging er skýr og leiðir lesandann í gegnum starfsemi leikskólans, stefnu og áherslur sem lagðar eru í starfinu.



Er skólanámskráin góð kynning fyrir foreldra?

Skólanámskráin er góð kynning fyrir foreldra með greinargóðum lýsingum á öllum þeim þáttum sem lögð er áhersla á í starfi Lýngheima, þar með talið sögu leikskólans og þeirri stefnu sem leikskólinn vinnur eftir. Myndrænt efni er nýtt á góðan máta til að gæða textann lífi og gera hana þannig að góðri kynningu fyrir foreldra.

Eru einhverjar athugasemdir við skólanámskrána?


Leikskólinn mætti koma fram með skýr og mælanleg markmið varðandi læsi í læsiskafli skólanámskrár.

Fyrir hönd foreldraráðs Lýngheima 2025

Bjarnveig Birta Bjarnadóttir

Pétur Freyr Sigurjónsson

Sara Jasonardóttir



Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ferjumaðurinn. (1969). *Fagur er fuglinn*. Reykjavík: Ferjumaðurinn.

Lesið í leik – Læsisstefna leikskóla. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

MacDonald, A. (2022). *Play and early childhood development*.

Malaguzzi, L. (án dags.). Tilvitnun í: *Hugmyndir um sköpun og framkvæmd*.

Menntastefna Reykjavíkurborgar. (2018). Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Menntastefna Reykjavíkurborgar. (2019). Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Sahlberg, P. (2019). *Let the children play: How more play will save our schools and help children thrive*. New York: Oxford University Press.





Skjaldarmerki Íslands.
Unnið af börnum í Lyngheimum í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands.

Takk fyrir